



77. fundur Hafnarstjórnar
Haldinn fimmtudaginn 7. janúar 2016 kl. 16:00

Mættir voru: Atli Rúnar Sigurþórsson
Hrannar Pétursson
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri
Guðmundur Kolbeinn Björnsson
Páll Guðmundsson
Alex Páll Ólafsson
Sigmar Logi Hinriksson, fundarritari

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna

- 1. Deiliskipulag á Skipavíkursvæðinu**
Sigurbjartur, skipulags- og byggingafulltrúi, kynnti deiliskipulag fyrir nefndarmönnum vegna fyrirhugaðrar byggingar þörungaverksmiðju. Rætt var um geymslusvæði fyrir smábáta og tillaga um þau mál, sem er í vinnslu, kynnt.
- 2. Deiliskipulag Stykkishólms hafnar**
Farið var yfir skipulag almennt, tillögur að gjaldskyldum bílastæðum og salernismál rædd. Hafnarstjórn samþykkti að unnið verði að gjaldskyldum bílastæðum við höfnina. Sigurbjartur vék af fundi kl. 16:48.
- 3. Rekstur hafnarsjóðs árið 2016**
Sturla fór yfir rekstur hafnarsjóðs almennt. Hrannar Pétursson fór yfir gjaldskrá hafnarinnar og rekstraráætlun kynnt. Hafnarstjórn samþykkti framkvæmdaáætlun við Skipavík og hafskipabryggju.
- 4. Aðild að Cruise Iceland**
Hrannar kynnti fyrir nefndinni aðild að Cruise Iceland. Hafnarstjórn samþykkti að ganga í Cruise Iceland, samtök hafna sem taka á móti skemmtiferðaskipum.
- 5. Umsókn um stöðuleyfi**
Bjarki Hjörleifsson sækir um stöðuleyfir vegna matarskúrs/vagns. Hafnarstjórn samþykkir stöðuleyfið.

Fundargerð upplesin og samþykkt. Fleira ekki gert
Fundu slitið 17:21

Atli Rúnar Sigurþórsson (sign)
Hrannar Pétursson (sign)
Sturla Böðvarsson, bæjarstjóri (sign)
Guðmundur Kolbeinn Björnsson (sign)
Páll Guðmundsson (sign)
Alex Páll Ólafsson (sign)
Sigmar Logi Hinriksson, fundarritari (sign)